

**Fundur 21. júní 2011. Mættir Júlli, Elsie, Anna, Harpa, Sigurþór, Svala, Guðmundur, Anthony, Sigurbjörg, Falur og Herdís.**

**1. Síðasta fundargerð**

Farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt.

**2. Farið yfir stöðu í hópum**

10 sundmenn að synda hjá Guðnýju. Afrekshópar enn að æfa.

**3. Samningar við þjálfara**

Elsie og Anthony eru að vinna að markmiðum vegna næsta árs og ljúka vonandi samningum í lok fyrstu vikunnar í júlí.

**4. Undirbúningur fyrir ÍRB þing**

Verður haldið 29. júní samkvæmt síðustu upplýsingum, þessi dagsetning er þó óstaðfest. Fimm aðalmenn eru nú Guðmundur, Sigurbjörg, Helga (kom í stað Ástu), Lúðvík og Elsie. Varamenn eru Falur, Herdís and Sigurþór.

Leggjum til á ÍRB þingi að ný stjórn verði: Sigurbjörg, Sigurþór, Lúðvík, Helga og Freydís Kneif Kolbeinsdóttir sem formaður.

Varamenn: Falur og Elsie.

**5. Styrkjamál fyrir sundmenn sem fara í landsliðsverkefni**

Tveir sundmenn sem eru á leið í landsliðsverkefni hafa fengið styrki en við þurfum einhvern aðila til að halda utan um þessi styrkjamál og leiðbeina öðrum sundmönnum um hvert á að leita. Elsie tekur verkefnið að sér. Anthony lætur sundmenn vita og þeir hafa samband við Elsie.

Þá gildir eftirfarandi vegna stykja frá Sundráði:

Sundmaður sem sækir um styrk frá Sundráði ÍRB fær 20% af sannarlegum útlögðum kostnaði þó að hámarki kr. 25.000. (Hlutfallið (%) og hámarkið er ákveðið af stjórn Sundráðs ÍRB í upphafi sundárs.) Ef sundmaður fær styrk frá aðalstjórn og/eða sunddeild dregst sá styrkur frá útlögðum kostnaði sundmannsins og fær hann þá frá Sundráði ÍRB 20% af þeim kostnaði sem eftir stendur en þó að hámarki kr. 25.000.

Minnt er á að sundmenn fái leyfi hjá stjórn þegar leita þarf styrkja vegna verkefna hjá einkaaðilum. Elsie útbýr skjal sem sundmenn geta farið með sér þegar þeir leita til einkaaðila.

**6. Ferð 2012, AMÍ 2012 og Landsbankamót 2012**

Ferð 2012. Ákveðið var á foreldrafundi að reyna að fá tilboð í sambærilegar ferð og Benidorm að hámarki 180.000-200.000 kr. á sundmann. Ákveðið að í stað þess að styrkja hvern sundmann um 20% og bæta síðan við kostnaði við fararstjóra og þjálfara þá borga félögin fyrir þjálfara og fararstjóra. Mikilvægt að fyrir næsta foreldrafund verði stjórnin búin að ræða þær hugmyndir sem fram hafa komið og einnig hvernig ferðin verður skipulögð m.a. með tilliti til markmiða með ferðinni og einnig hvort foreldrum verði boðið með eða ekki.

AMÍ 2012 verður haldið í Reykjanesbæ, 21. – 24. júní.

Landsbankamót 2012, 11. – 13. maí. Höfum sótt um að mótið verði lágmarkamót fyrir Ólympíuleikana. Verið að vinna í pappírvinnu vegna þessa máls.

**7. Uppgjör móta (ÍM50, Bikar og Landsbankamót)**

Gekk vel og uppgjörin vel gerð. Hagnaður ágætur og Landsbankinn styrkti vel vegna verðlauna á uppskeruhátið og mótinu. Stefnum á að hafa verðlaun ekki eins vegamikil á næsta ári.

## **8. Tímasetja næsta stjórnarfund**

Næsti stjórnarfundur verður 9. ágúst kl. 19:15 í K-húsinu.

## **9. Skráningar fyrir næsta tímabil**

Elsie, Hjördís og Ant hafa fundað um nýtt skráningarkerfi. Núverandi sundmenn geta skráð sig beint þar sem þeir vita í hvaða hópi þeir eru. Þeir skrá sig á netinu. Aðrir þ.e. nýir sundmenn koma á nokkurs konar matsdag þar sem ákveðið er í hvaða hóp þeir fara og geta síðan skráð sig á netinu. Sundmenn mæta svo með kvittun á fyrstu æfingu. Ef þeir mæta ekki með kvittun senda þjálfarar sundmenn heim þar sem það er ekki hægt að hafa sundmenn í lauginni sem ekki eru skráðir t.d. vegna þess að símanúmer foreldra vantar.

Lagt til að hafa two skráningardaga, einn fyrir þá sem eru þegar sundmenn og annan fyrir nýja sundmenn.

Eftir er að ákveða æfingargjöldin en þau eru samsett úr mánaðarlegum æfingargjöldum, gjöldum til SSÍ, stungugjöldum og tryggingargjaldi.

## **10. Önnur mál**

a) Guðmundur hefur rætt við Steinar í Olís um styrktarsamning.  
b) Fararstjórar á AMÍ geta verslað í Nettó á Akureyri. Fararstjórar verða Brynjar og Hjördís. Sigurbjör, Baldur og Aðalbjörg verða einnig að hluta fararstjórar.

c) Ný hópanöfn:

Afrekshópur  
Framtíðarhópur  
Háhyrningar  
Sverðfiskar  
Flugfiskar  
Sprettfiskar  
Laxar  
Silungar  
Gullfiskar

d) Skrifa þarf formlegt bréf til forstöðumanns vegna frágangs á botni. Skrúfur eru hættar að halda brautarmerkingum á upphækkuðum botni og þetta þarf að laga áður en ÍRB tekur aftur að sér að taka upp botn og setja niður. Guðmundur tekur það að sér.

Fundargerð ritaði: Sigurbjörg Róbertsdóttir